

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 71/2011 um stjórnun leitar- og björgunaraðgerða á leitar- og björgunarsvæði Íslands vegna sjófarenda og loftfara.

1. gr.

2. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Leitar- og björgunarsvæðið afmarkast af eftirfarandi hnitum:

73°00,0'N 020°00,0'V,

73°00,0'N 000°00,0'A/V,

61°00,0'N 000°00,0'A/V,

61°00,0'N 030°00,0'V,

58°30,0'N 030°00,0'V,

58°30,0'N 043°00,0'V,

63°30,0'N 039°00,0'V,

70°00,0'N 020°00,0'V,

73°00,0'N 020°00,0'V.

2. gr.

Á eftir 4. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar kemur ný málsgrein sem verður 5. mgr. sem orðast svo:

Landhelgisgæslan ber ábyrgð á stjórnun leitar og björgunar á norðurslóðum í samræmi við ákvæði alþjóðasamnings aðildarríkja Norðurskautsráðsins um samstarf við leit og björgun á hafi og í lofti á norðurslóðum (*Agreement on Cooperation on Aeronautical and Maritime Search and Rescue in the Arctic*). Landhelgisgæslan skal veita öðrum aðildarríkjum samningsins þá aðstoð og þær upplýsingar sem þau óska í tengslum við leit og björgun á svæðinu í samræmi við ákvæði samningsins, lög um Landhelgisgæslu Íslands, lög um loftferðir, siglingalög sem og reglugerðir settar á grundvelli þeirra. Höfð skal samvinna við aðildarríki samningsins svo sem um þjálfun og æfingar við leit og björgun í samræmi við ákvæði samningsins. Björgunarmiðstöð sjófarenda og loftfara (*JRCC-Ísland*) telst vera samhæfingarmiðstöð björgunar (*Rescue Coordination Center*) á grundvelli samningsins og ber ábyrgð á verkefnum í tengslum við leit og björgun á svæðinu, í umboði Landhelgisgæslunnar og í samræmi við ákvæði samningsins. Landhelgisgæslan ber ábyrgð á því að upplýsa og virkja þá aðila aðra sem koma þurfa að leit og björgun á svæðinu svo sem viðeigandi lögregluþingvöld, björgunar-sveitir, rekstraráðila flugvallar, Flugmálastjórn Íslands og Siglingastofnun Íslands eftir atvikum.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 3. mgr. 13. gr., sbr. 28. gr. laga um Landhelgisgæslu Íslands nr. 52/2006 og 132. gr., sbr. 145. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Innanríkisráðuneytinu, 10. nóvember 2011.

Ögmundur Jónasson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.